

✉ Efnistaka vegna endurbóta á Þórisóstíflu

Búið til	15.12.2020 08:31:37
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	15.12.2020 08:31:34
Tilheyrir	📁 202011-0041 - Efnistaka vegna endurbóta á Þórisóstíflu í Ásahreppi

Efni

Efnistaka vegna endurbóta á Þórisóstíflu

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	15.12.2020 08:31:34	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	skipulag@skipulag.is, tinna@skipulag.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202011-0041 (IAS, TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 19. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um tilkynningu um hvort og á hvaða forsendum efnistaka vegna endurbóta við Þórisóstíflu skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Samkvæmt tilkynningunni er um að ræða í allt fjórar námur þar sem þrjár þeirra, B-áreyrar Köldukvíslar, C-náma við Þórisóstíflu, og D-náma við Sauðfellslón hafa verið í notkun áður. Eingöngu náma A-grjótnáma við Köldukvísl er ný, sjá m.a. mynd 4 í tilkynningu. Allar námurnar eru í nálægð við umrædd lón og þ.a.l. á áhrifasvæði þeirra. Samtals er gert ráð fyrir að vinna um 70 þús. rúmmetra af efni.

Segja má að það sé kostur að nota eldri námur og að ekki sé farið of langt frá lónunum til að opna nýjar námur. Ekki er vitað um jarðminjar sem hafa hátt verndargildi á þeim svæðum þar sem námuvinnslan er fyrirhuguð. Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægast að við val á vinnslusvæðum verði hugað að því að raska landi sem allra minnst og á það einnig við um gerð nýrra slóða. Að sama skapi er mikilvægt að allur

frágangur, vinnsla og staðsetning hennar miði að því að landslagsáhrif verði sem minnst þar sem um er að ræða svæði í hálendi Íslands þar sem áhrif mannvirkja eru almennt lítil. Tryggja þarf að gróðri, sem lítið er um á svæðinu, verði spilt sem allra minnst og leiðir frekar valdar framhjá gróðri sé þess nokkur kostur.

Náttúrufræðistofnun telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun eða eftirliti. Náttúrufræðistofnun telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, umfangi og staðsetningu fyrirhugaðra náma og náttúrufari á svæðunum og að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, að framkvæmdin muni ekki valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Í öllum ákvörðunum í þessu máli þurfa að koma fram skýrar kröfur um aðlögun náma að landslagi, að raski á landi og gróðri sé haldið í lágmarki og tryggja þarf góðan frágang á námum en í því getur m.a. falist að nýta t.d. eingöngu staðargróður við uppgræðslu ef það er talið eiga við.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)